

Myndin er tekin í sal Gunnars Hannessonar og sést á myndatjald, sem litmyndum Gunnars er varpað á.



Gangnamaður. Ljósmynd GSG



Yfirlitsmynd af sýningarsal — Tímamynd Gunnar

LJÓS '73 er heiti ljósmyndasýningar, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Að þessari sýningu standa 6 ungir Reykvíkingar — áhugaljósmyndarar, sjálfmenntaðir í „listinni".

Hvers vegna ekki að fara og sjá þessa sýningu? Sýningin er mjög áhugaverð, og þeir eiga heiður og hrós skilið, sem að henni standa. Það er gaman að eyða stund með myndum þeirra. Þær fela í sér blítt viðmót vekja athygli á hversdagslegum umhverfis-- „mótívum" sem alltaf eru fyrir augum, en fáir taka eftir. Þarna eru þau sýnd á listrænan hátt í svart-hvítu.

Þegar lokið er skoðun þessarar sýningar, kann margur að spyrja sjálfan sig: Af hverju blæs maður ekki rykið af myndvélinni sinni og tekur slíkar myndir (allir eiga myndavélar)? En dæmið er ekki svo einfalt, því að lítill hlutur myndarinnar er unninn, þó að „mótívið" sé komið á filmu. Þá er eftir kópering, stækkun og skurður, en allt þarf þetta að fylgjast að til þess, að úr verði reglulega góð mynd. Þessi þáttur í myndagerð strákanna hefur tekizt afbragðsvel.

Það er mikil vinna, sem liggur að baki gerð myndanna á þessari sýningu. Þarna eru 120 myndir, sem 6 ljósmyndarar hafa tekið við misjöfn skilyrði, og mætti því búast við sundirleitum myndum. Sú er þó ekki reyndin, því að heildarsvipur er á allri sýningunni og jöfn áferð á myndum. Þó getur að líta eina og eina mynd, sem er grátónuð og flöt, — en nóg um það — smámunasemi á ekki rétt á sér í umsögn um þessa miklu sýningu.

Hvernig mynd er skorin, er eitt af aðalatriðunum við stækkun myndarinnar, og afmörkun „mótívs", — skurður myndarinnar — veldur öllu um, hvernig mynd verður áhorfandanum „aflestrar". Svo illa má skera mynd, að aðalatriðið týnist í illa uppbyggðu umhverfi, og myndin verður þá „ólæsileg".

Þeir félagar gleyma þessu atriði ekki, og allt er á sínum stað í næstum hverri mynd. Þó getur að líta mynd og mynd, þar sem skurður á að bjarga misheppnuðu mótívi.

Myndskurðurinn er í sjálfu sér smekkur hvers og eins, og reynir þá hvað helzt á smekkvísi og kunnáttu manna í uppbyggingu myndar.